

## Ársfundar AkureyrarAkademíunnar 29. maí 2019

Haldinn í Verksmiðjunni, Glerárgötu 34, kl 20:00 – mætt voru Bergljót, Ólafur, Steinunn, Kristín Heba, Sigurgeir, Ólöf og Martina

Fundarstjóri Martina Huhtamäki, ritari Steinunn A. Ólafsdóttir.

1. Fundur settur kl 20:00. Martina og Steinunn samþykktir starfsmenn fundarins.
2. Bergljót Þrastardóttir stjórnarformaður kynnti skýrslu stjórnar
3. Ólafur B. Thoroddsen gjaldkeri kynnti ársreikning
4. Kristín Heba Gísladóttir framkvæmdastjóri taldi upp gilda fulltrúa sem eru 11 talsins:
  - Arndís Bergsdóttir, Bára Sif Sigurjónsdóttir, Bergljót Þrastardóttir, Jón Aðalsteinn Hermannsson, Jón Hjaltason, Kristín Heba Gísladóttir, Marta Einarsdóttir, Martina Huhtamäki, Ólafur B. Thoroddsen, Sigurgeir Guðjónsson og Steinunn A. Ólafsdóttir
5. Kjör formanns og fulltrúaráðs
  - Steinunn A. Ólafsdóttir kosin formaður
  - Fulltrúaráð kosið Arndís Bergsdóttir, Martina Huhtamäki, Ólafur B. Thoroddsen, Sigurgeir Guðjónsson, Skafti Ingimarsson, Steinunn A. Ólafsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir
  - Ólafur kosinn gjaldkeri og Sigurgeir kosinn ritari.
6. Fjárhagsáætlun og árgjald
  - Kristín Heba Gísladóttir framkvæmdastjóri lagði fram rekstraráætlun fyrir 2019.
  - Ólafur lagði fram tillögu um að árgjald verði hækkað í 2000 kr. Tillaga felld með meirihluta atkvæða. Ákveðið að árgjald verði óbreytt 1500 kr.
7. Breytingar á skipulagsskrá
  - Engar breytingar á skipulagsskrá lagðar til.
8. Önnur mál
  - Stefnt að því að fara í vorferð síðustu vikuna í júní.
  - Hugmyndir ræddar fyrir ráðstefnu í samstarfi við Háskólann á Akureyri: Verkalýðstengd ráðstefna, hönnunarhugsun (Design thinking)
  - Fyrirspurn frá fulltrúa um stöðu húsnæðismála. Kristín Heba greindi frá því að fundur sé áætlaður 20.júní með fulltrúum Akureyrarstofu, Nýsköpunarmiðstöðvar, Háskólans á Akureyri, Matís og Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar þar sem rætt verður um mögulega framtíðarnotkun á húsnæði.
9. Fundi slitið kl 21:05.